

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands 23. maí 2018

a) Kosning starfsmanna fundarins

- Fundarritarar voru kosnir Sigríður Rut Hilmarasdóttir og Þórunn Skúladóttir. Fundarstjóri var kosinn Auður Björk Kvaran.
- Um 40 þroskaþjálfar mættu á fundinn.

b) Formaður leggur fyrir skýrslu stjórnar

- Laufey formaður fór yfir störf nefnda og ráða síðastliðið ár og hverjir hafa skipað allar nefndir og ráð sem og stjórn félagsins.
 - Óskaði eftir trúnaðarmanni á Vestfirði, í Mosfellsbæ og í fyrir leikskóla í Hafnarfirði.
 - Kjarasamningi var landað við ríkið sem var gerlegt eftir að gerðadómi var aflétt nú í febrúar. Bókun var gerð þar sem fram kom að enginn ætti að vera lægra launaraðaður en sem samsvarar launaflokki 7.0 sem í dag eru 417.419kr. Einnig var skrifað undir stofnanasamning við Landsspítalann nú nýlega þar sem byrjunarlaun voru sett í 7.0 úr 4.0 eins og röðunin hljóðaði á áður.
 - Kjarasamningur var gerður við Samband íslenskra sveitarfélaga um starfsmat og eru viðtöl að klárast. Samningur var einnig gerður við samtök atvinnulífsins ásamt 14 öðrum aðildarfélögum innan BHM.
 - Fyrir 8 árum byrjaði fyrsti VIRK ráðgjafinn hjá BHM, í dag er 5. ráðgjafinn að byrja. Samt er um 4-6 vikna bið eftir ráðgjöf. Áhyggjuefni hversu margir þurfa að nýta sér þessa þjónustu. Þroskaþjálfar skora mjög hátt í styrktar- og sjúkrasjóði BHM. Þjónustuver var opnað á sl. ári í BHM í þeim tilgangi að auka aðgengi félagsmanna að þjónustu. 60 ára afmæli BHM verður haldið 23. október 2018 í Borgarleikhúsinu. BHM er orðið aðildarfélag að norræna félaginu NFS.
 - Eftir umræðu um falin störf þroskaþjálfra ákvað stjórn þá að gera kynningarmyndbönd um störf þroskaþjálfra sem var sýnt á fundinum. Formaður nefndi hversu ánægjulegt hefði verið að allir tóku vel í gerð þessara myndbanda, bæði þroskaþjálfar, vinnuveitendur sem og þjónustunotendur og fjölskyldur þeirra.
 - Nám þroskaþjálfra mun lengjast frá og með næsta hausti í 4 ár. Síðasta árið mun fara í sérhæfingu.
 - Málþing félagsins í janúar tókst vel. Góð mæting var og allt tekið upp sem er aðgengilegt á heimasíðu félagsins hafi einhverjir ekki átt tæk á að mæta.
- i. Fundarstjóri lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá sem var samþykkt. Breytingin felst í að bæta við einum lið sem d) og felst í bæta við kynningu á störfum nefndar í kringum lagabreytingu á 8. grein.

c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess

- Vibeke kynnti rekstrarreikning 2017.
- Vísindasjóður verður borgaður út 1. júní.
- Umræða um verkfallssjóð. Vibeke nefndi að það væri þörf á að styrkja verkfallssjóð en utan úr sal var nefnt hvort það væri þörf á meiri sjóð, hvort það yrði ekki settur á okkur gerðadómur ef þroskaþjálfar færu í verkfall.. Vibeke ræddi um að það þyrfti að efla

skrifstofuna enn betur. Fyrir nokkrum árum hefði eingöngu verið starfandi formaður á skrifstofunni, svo hefði verið ráðinn starfsmaður í hlutastarf. Laufey fór yfir hvernig félagið hefur stækkað. Nú hefði félagið stækkað um 34 félagsmenn milli ára. Þegar félagsmenn voru 350 að þá hefði verið 1 starfsmaður í fullu starfi, þ.e. formaður. Þegar félagsmenn hefðu verið 700 voru starfsmenn orðnir tveir, þ.e. formaður og framkvæmdastjóri en nú væri félagið tæplega 800 manns.

- Fundarstjóri ber upp fyrir fundinn hvort einhverjar spurningar séu varðandi ársreikninginn.
- Fundarstjóri ber upp ársreikninginn til samþykktar sem var samþykktur af fundarmönnum. Enginn á móti.

d) Störf vinnuhópsins kynnt varðandi lengingu á hámarkssetu formanns

- Jóhanna Lilja kynnti störf vinnuhópsins í kringum lagabreytingu sem var sett fram á aðalfundi 2017.
- Utan úr sal benti Þóroddur á að lagabreytingin hefði verið lengri heldur en kom fram á glæru, þ.e. að breytingartillagan frá aðalfundi 2017 hefði verið á þá leið að lengd yrði hámarksseta formanns um eitt kjörtímabil svo ekki væri verið að ræða um lenginguna þegar aðeins eitt kjörtímabil væri eftir af setu núverandi formanns.
- Farið var yfir skipunarbréfið og vinnu starfshópsins ásamt kostum og göllum við það að lengja setu formanns.
- Athugasemd kom úr sal varðandi kynninguna. Glærur hefðu ekki verið nógu vandaðar sem og að slagsíða væri á kynningunni í þá átt að meira væri gert úr kostum þess en göllum að afnema hámarkssetu formanns. Þá kom athugasemdir úr sal þar sem því var mótmælt, heldur hefði vinnan verið vel unnin og hlutleysis gætt. Jóhanna tók vel í athugasemdirnar og svaraði að hún myndi lagafæra glærurnar. Spurning úr sal hvað ætti að gera í framhaldinu og svaraði Jóhanna því til að hún hefði tillögu um lagabreytingu sem innibæri þá tillögu að senda í allsherjar kosningu til félagsmanna. Bent var á að rafræn kosning á árinu væri ekki fullnægjandi til samþykktar á lagabreytingu, slík kosning/samþykkt þyrfti að fara fram á aðalfundi eða í umboði aðalfundar.

e) Lagabreytingar

- Ragnhildur úr laganefnd kynnti lagabreytingar sem sendar voru út með aðalfundargögnum. Las upp breytingartillögurnar.
 - Þóroddur kom upp í pontu með athugasemdir og spurningar. Nefndi að samþykkja þyrfti 8. greinina áður en 5. greinin verði samþykkt.
 - Umræður voru um lagabreytinguna.
 - Lagt var til hlé á fundinum á meðan stjórn tæki ákvörðun um hvernig þetta mál verði afgreitt. Hvað verði lagt fyrir fundinn, þ.e. með breytingartillögu eða frávísunartillögu.
- Bjarnveig meðstjórnandi lagði fyrir eftirfarandi breytingartillögu:
Þemur mánuðum fyrir lok kjörtímabils formanns skal hann tilkynna stjórn þí hvort hann hyggist bjóða sig fram til endurkjörs. Minnst þemur mánuðum fyrir aðalfund skal kallað eftir framboðum til formannsembættis og lýkur framboðsfresti sex vikum fyrir aðalfund. Þegar framboðsfresti líkur skulu framboðendur fá tvær vikur til að kynna sig. Að þeim tíma liðnum fer fram rafræn kosning meðal allra félagsmanna séu fleiri en einn í kjöri.

Tilkynna skal um niðurstöðu kosninga um leið og hún er ljós sem og á aðalfundi. Kallað er eftir framboðum til trúnaðarstarfa félagsins (annarra en formanns) minnst þremur mánuðum fyrir aðalfund og skulu framboð hafa borist kjörnefnd a.m.k fjórum vikum fyrir aðalfund og upplýsinga um frambjóðendur sendar út með aðalfundarboði. Því aðeins er hægt að bjóða sig fram á aðalfund að ekki hafi komið framboð í embættið fyrir tilskilinn framboðsfrest. Kjósa skal skriflega á aðalfundi, séu fleiri í kjöri en kjósa á.

Heimilt er að kjósa rafrænni kosningu í stjórn og fastanefndir félagsins séu fleiri en einn í framboði. Rafræn kosning hefst þá viku fyrir aðalfund og stendur yfir í þrjá daga.

- Fundarstjóri ber breytingartillöguna undir fundinn.
- Breytingartillaga við breytingartillöguna var lögð fyrir úr sal varðandi 8. greinina svo að hún verði svohljóðandi:

Þremur mánuðum fyrir aðalfund skal kallað eftir framboðum til formannsembættis og lýkur framboðsfresti sex vikum fyrir aðalfund. Þegar framboðsfresti lýkur skulu frambjóðendur fá fjórar vikur til að kynna sig. Að þeim tíma liðnum fer fram rafræn kosning meðal allra félagsmanna séu fleiri en einn í kjöri. Tilkynna skal um niðurstöðu kosninga á aðalfundi. Kallað er eftir framboðum til trúnaðarstarfa félagsins minnst þremur mánuðum fyrir aðalfund og skulu framboð hafa borist kjörnefnd a.m.k. fjórum vikum fyrir aðalfund og upplýsingar um frambjóðendur sendar út með aðalfundarboði. Kjósa skal skriflega á aðalfundi, séu fleiri í kjöri en kjósa á. Heimilt er að kjósa rafrænni kosningu í stjórn og fastanefndir félagsins séu fleiri í framboði en kjósa á. Rafræn kosning hefst þá viku fyrir aðalfund og stendur yfir í viku.

- Rætt um að setja þyrfti vinnureglu um að kosningu þyrfti að ljúka á síðasta virka degi fyrir aðalfund en niðurstöðu kosningar þyrfti að halda leyndri til aðalfundar. Umræða um að ógerlegt væri að klára rafræna kosningu á sama tíma og aðalfundur hæfist. Lagt til að niðurstaða kosningar yrði gerð ljós strax við niðurstöðu.
- Tillagan samþykkt af meirihluta fundarins. Enginn á móti.
- Grein 10.5 lögð fyrir til samþykktar af fundarstjóra. Greinin samþykkt af fundarmönnum án athugasemda.
- 5. grein lögð fyrir til samþykktar af fundarstjóra. Greinin samþykkt af fundarmönnum án athugasemda.

f) Kosning í stjórn, nefndir og ráð

- Valborg Helgadóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir þá sem eru að bjóða sig í stjórn, nefndir og ráð. Fundurinn hvatti Þórodd Þórarinsson til að gefa kost á sér í laganefnd.
- Rannveig Biering dró framboð sitt til baka í laganefnd svo Þóroddur Þórarinsson og Ragnhildur Þorsteinsdóttur voru kosin í laganefnd.

g) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara

- Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar.
- Laufey formaður tilkynnti þá aðila sem skipaðir eru í siðanefnd.

h) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöldin ákveðin

- Fundarstjóri gefur Önnu Lilju orðið varðandi kynningu á fjárhagsáætlun. Sagði frá því að BHM reiknar aðildargjöld út frá heildarlaunum en félagsgjöld þí hafa verið út frá dagvinnulaunum sl. ár (voru áður út frá heildarlaunum) þess vegna fékk þí alltaf stóran reikning þegar félagið greiðir félagsgjöldin til BHM. Félagsgjöldum þí var breytt á aðalfundi 2017 úr 1,4% af dagvinnulaunum í 1,2% af heildarlaunum. Nauðsynlegt er að sjá hvernig heilt ár kemur út rekstrarlega séð á því áður en hægt er að taka til skoðunar meiri lækkun á félagsgjöldum. Sagði frá að félagið hyggst færa vinnu við bókhald félagsins út af skrifstofu félagsins. Gert er ráð fyrir óbreyttum félagsgjöldum 1,2% af heildarlaunum. Fagfélagsgjöld verði 12.000kr.
- Fundarstjóri bar upp fyrir fundinn hvort hann samþykkti félagsgjöldin eða hvort einhver hefði fyrirspurn eða spurningar. Fundurinn samþykkti félagsgjöldin.
- Laufey sagði frá því að 3.000.000kr hefðu verið millifærðar á kjaradeilusjóð um leið og félagsgjöldin voru samþykkt.

i) Önnur mál

- i. Laufey kallaði upp þá aðila sem tóku þátt í kynningarmyndböndunum. Það voru 13 þroskaþjálfar sem tóku þátt í öllum þeim myndböndum sem voru gerð og fengu viðkomandi þakklætisvott fyrir.
- ii. Laufey ræddi um húsnæðismál þí. Þí á 8,42% af húsnæði BHM, félagið var mjög hagsýnt þegar það ákvað á sínum tíma að kaupa 2 herbergi í núverandi húsnæði BHM. Fundur verður kl.9:00 næstkomandi mánudag þar sem ákveðið verður hvort tilboð verði lagt fram. En frestur til kauptilboðs í eignina er til kl.14:00 á mánudaginn. Formaður leggur fyrir aðalfund hvort þí hafi heimild til að kaupa hlut í sal og sameign á 4. hæðinni. 187 þúsund er áætlað verð á hvern fermeter metinn á í helminginn þar sem veislusalurinn er og skrifstofumegin er hver fermeter metinn á 280 þúsund. Eignarhlutur þí í húsnæði BHM gæti farið í 7,92% ef af þessum. Hlutur þí gæti kostað um 10 milljónir. 17,4 milljónir ef þí á hlutdeild í öllu miðað við hugsanlegar breytingar sem og aukinn rekstarkostnað, ef keypt er öll hæðin.
 - i. Framkvæmdastjóri leggur fyrir fundinn hvort stjórn fái heimild og umboð til að skoða málin og til athafna varðandi húsnæðismálin. Fundurinn samþykkir þá tillögu.
 - ii. Fyrirspurn kom úr sal varðandi bílastæðamál í kringum húsið. Rætt um að bílastæðamál í miðborginni er pólitískt vandamál.
- iii. Formleg tillaga lögð fyrir af formanni:
 1. Aðalfundur Þroskaþjálfafélag Íslands lýsir yfir að félagið er jafnvel reiðubúið að kaupa hluta af hinu nýja húsnæði í Borgartúni 6, 3. hæð og með því að halda allt að svipuðum eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. líkt og það hefur í dag.
 2. Formaður lagði fyrir fundinn tillögu um að aðalfundur veiti stjórn þí umboð til að vinna málið áfram ásamt öðrum eigendum í húsfélagi í BHM og undirbúa og gera kauptilboð í 3. hæð í Borgartúni 6, 105 Reykjavík sem var samþykkt af fundarmönnum.

- iii. Jóhanna kom í pontu til að ræða um vangaveltur varðandi breytingar á breytingartillögu sem gerð var á aðalfundi 2017 varðandi þak á setu formanns í félaginu. Tillagan var ekki skráð í fundargerð á aðalfundi 2017 sem er miður.
- j) Tillaga samþykkt á fundinum að unnið verði áfram í að velja upp kostum og göllum þess að setja hámark á setu formanns. Málið mun verða kynnt í trúnaðarmannaráði og umræða aukin meðal félagsmanna. Leggja þarf lagabreytingartillögu fyrir næsta aðalfund ef vísa á málinu til alsherjaratkvæðagreiðslu í kjölfar hans. Þóroddur lýsti yfir áhuga á að taka þátt í undirbúningsvinnunni.
 - i. Fundarstjóri gefur formanni orðið. Þakkar stjórn, ráðum og nefndum fyrir vel unnin störf sem og framkvæmdastjóra.
 - ii. Fundi slitið kl.20:21.